

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps vegna verslunar- og þjónustusvæðis að Bjarkalundi.

Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun (HMS) staðfesti 16. apríl 2026 óverulega breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2022-2034, sem samþykkt var í sveitarstjórn 11. febrúar 2026.

Í breytingunni felst heimild til uppbyggingar allt að 25 gestahúsa og fjölgun gistirúma á svæði fyrir verslun og þjónustu VP10 að Bjarkalundi. Heildarfjöldi gistirúma verður allt að 110 að frátöldum gestum tjaldsvæðis.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun. 16. apríl 2026.*

**Guðrún Lára Sveinsdóttir.**

---

B deild - Útgáfudagur: 4. maí 2026